

Sendingar með eftirlitsskyldum afurðum frá ríkjum utan EES sem væntanlegar eru til landsins skal skrá í TRACES og tilkynna í þjónustugátt Matvælastofnunar. Leiðbeiningar þessar eru um notkun þjónustugátta og tilkynningar til Matvælastofnunar um innflutningsskráningu (CHED) í TRACES.

Tilgangurinn með skráningu í þjónustugátt er m.a. útgáfa leyfisnúmera í gátt og örugg vistun gagna. Þar að auki mun notandinn hafa góða yfirsýn yfir sín mál í þjónustugátt, m.a. öll framlögð gögn og upplýsingar vegna innheimtu vegna innflutningseftirlits. Eftir skráningu í Traces tilkynnir innflytjandi MAST um skráninguna með því að fylgja eftirfarandi skrefum:

1. **Skrá CHED í Traces – leiðbeiningar varðandi TRACES** Skrá skal sendingu tímanlega í TRACES, með a.m.k. 24ra tíma fyrirvara fyrir sjósendingar og 4ra tíma fyrirvara fyrir flugsendingar (virkir dagar).
2. **Skrá tilkynningu í þjónustugátt MAST.** Fyrirtæki geta veitt starfsmönnum sínum umboð í gegnum aðgangsstýringu Ísland.is til að senda inn umsóknir, beiðnir og tilkynningar í nafni fyrirtækisins. [Nánari upplýsingar hér.](#)
3. **Velja umsókn nr. 12.01** Tilkynning um innflutningsskráningu í TRACES
4. **Upplýsingar um innflytjanda og greiðanda.** Athugið að skrá réttan málsaðila. Fyrst er kennitala innflytjanda skráð og birtist hún sjálfkrafa í reitnum fyrir kennitölu greiðanda en hægt er að breyta henni.
5. **Upplýsingar um CHED skráningu í Traces**

#### Mikilvæg atriði

- Sendingarnúmer: 18 stafa sendingarnúmer sem fram kemur á komutilkynningu. [Nánari upplýsingar um sendingarnúmer.](#)
- Landamærastöð – velja viðeigandi landamærastöð í fellivaldlista.
- Airwaybill / seawaybill / komutilkynning (notice): má hengja við.
- Sölureikningur: má hengja við.
- Upplýsingar um CHED: í reitinn skal líma afrita **vefslóðina** úr TRACES fyrir viðeigandi CHED. Þetta flýtir fyrir afgreiðslu.



- Hengja skal við heilbrigðisvottorð með hverju CHED. [Þetta gildir einnig um vottorð sem gefin eru út og undirrituð rafrænt í TRACES](#) (vista vottorðið sem pdf og senda sem viðhengi).
- Hægt er að skrá allt að 30 CHED í eina tilkynningu

**6. Vista / senda umsókn.** Hægt er að vista umsókn t.d. ef allar upplýsingar liggja ekki fyrir en velja þarf senda svo hún skili sér til Matvælastofnunar.

Matvælastofnun tekur við tilkynningunni og framkvæmir eftirlit venju samkvæmt á landamærastöð. Ef engar athugasemdir eru við sendinguna er CHED samþykkt.

- **Yfirlit yfir samþykkt CHED.** Í kjölfar samþykkis MAST eru leyfisnúmer gefin út í þjónustugátt og sent með tölvupósti til þess netfangs sem skráð er í samskiptareitinn. Athugið að ein tilkynning er gefin út fyrir hverja sendingu og það geta því verið allt að 30 leyfisnúmer í einni tilkynningu. Leyfisnúmer skal svo skrá í tollskýrslu þar sem þau eru forsenda tollafgreiðslu.
- **Mín mál í þjónustugátt.** Í gátt má svo nálgast skjöl sem viðskiptavinur hefur hlaðið upp og jafnframt gögn útgefin af Matvælastofnun, þ.e. yfirlit yfir samþykkt CHED og tímaskráningar vegna viðkomandi sendingar.